

## FUNDARGERÐ STÝRIHÓPS UM FORVARNIR

3.fundur Stýrihóps um forvarnir í Húnaþingi vestra haldinn mánudaginn 2. apríl 2012, kl: 09.30 í fundarherbergi Ráðhússins.

### Mættir undirritaðir:

### Dagskrá:

1. Samstarf við Rauða kross Hvammstangadeild og Foreldrafélag grunnskólans varðandi fræðslu og brúðuleikhús frá Blátt áfram.
2. 10. bekkjar dagur 12.apríl næstkomandi.
3. Samskiptadagurinn 28.mars.

### Samþykkt að taka á dagskrá:

### Afgreiðslur:

1. Stýrihópurinn um forvarnir í Húnaþingi vestra leggur til að fræðsla frá Blátt áfram verði haustið 2012 og mun hópurinn greiða þriðjung þess sem fræðslan kostar.
2. Dagskrá 10. bekkjar dagsins verður eftirfarandi: Fulltrúar frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra munu fræða um hvað það þýðir að fara að heiman og leggja einnig fyrir áhugasviðskönnun. Lögreglan á Blönduósi mun kynna fyrir þeim ábyrgð og skyldur ungmenna. Nemendur verða einnig í hópefli. Séra Magnús Magnússon mun vera með fyrirlestur um gildismat eftir hádegi..

Samskiptadagur var haldinn í Félagsheimilinu Hvammstanga 28. mars. Fyrirlesarar voru séra Magnús Magnússon sem hélt erindi um samskipti og siðferði og Hafþór Birgisson um tölvunotkun barna og unglunga. Til að foreldrar geti talað við börnin sín og leiðbeint þeim um öryggi og góða hegðun þurfa þeir að þekkja það umhverfi sem þeir eru í dags daglega. Leiðbeiningar um "umferðarreglur" á netinu eru því orðinn einskonar hluti af uppeldishlutverkinu. Fjallað er um netið og nýmiðla og mikilvægi þeirra í lífi barna og unglunga. Rætt er m.a. um a) helstu notkunarleiðir og venjur barna og unglunga, b) hvað nauðsynlegt er að hafa í huga til að netnotkun verði örugg og ánægjuleg, c) hvernig foreldrar og kennarar geta rætt um jákvæða og örugga netnotkun við börn og unglunga og d) sýnikennsla á nokkrum af þeim "verkfæra" sem ungt fólk notar. Á heimasíðu SAFT

www. saft.is er að finna heilræði fyrir foreldra og leiðbeiningar um örugga netnotkun barna.

Karólína mun senda stjórn foreldrafélagsins helstu upplýsingar um hvaða síður og tölvuleiki ber að varast og einnig hvernig er hægt að stýra aðgengi að tölvunotkun barna og ungmenna.

Heimasíða grunnskólans mun uppfæra upplýsingar á heimasíðu sinni.

**.Fundargerð upplesin og fundi slitið kl: 10.43**

Eydís Aðalbjörnsdóttir(sign) Karólína Gunnarsdóttir(sign)

Kristján Þorbjörnsson(sign)boðaði forföll Magnús Magnússon(sign)

S. Kristín Eggertsdóttir(sign) Sigurður Þór Ágústsson(sign)